

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2017/EES/17/36

frá 30. október 2014

um jafngildi milli regluramma Singapúrs um miðlæga mótaðila og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár

(2014/753/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum sem hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaradilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðunin um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.
- 2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þar ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr tryggir að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaradilum og viðskiptavettvangi sem hefur staðfestu í Sambandinu, meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.
- 3) Hinn 1. september 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Singapúr. Tækniráðgjöfin tilgreindi ýmiss konar mismun á milli lagalega bindandi krafna sem gilda, á vettvangi dómsvalds, um miðlæga mótaðila í Singapúr og lagalega bindandi krafna sem gilda um miðlæga mótaðila samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Þessi ákvörðun byggist þó ekki einvörðungu á samanburðargreiningu á lagalega bindandi kröfum sem gilda um miðlæga mótaðila í Singapúr heldur einnig á mati á niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stöðustofnunaradilar og viðskiptavettvangur, sem hefur staðfestu í Sambandinu, stendur frammi fyrir, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.
- 4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa staðfestu þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu skal miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 6) Lagalega bindandi kröfur Singapúrs vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar samanstanda af 289. kafla laganna um verðbréf og framtíðarsamninga (Securities and Futures Act, SFA) og reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga (stöðustofnunarstöðvar) frá 2013 (Securities and Futures (Clearing Facilities) Regulations 2013, SFA Regulations). Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga miða að því að stuðla að öruggum og skilvirkum stöðustofnunareiningum og draga úr kerfisáhættu. Reglugerðirnar um verðbréf og framtíðarsamninga miða að því að þróa og innleiða kröfur laganna um verðbréf og framtíðarsamninga. Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga innleiða leyfisfyrirkomulag fyrir allar kerfislega mikilvægar stöðustofnunareiningar, í hlutverki miðlægs mótaðila, sem þurfa

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 311, 31.10.2014, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtuð. EB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

leyfi Peningamálastofnunar Singapúrs (The Monetary Authority of Singapore, MAS) til að starfa sem samþykktar stöðustofnunarstöðvar (Approved Clearing Houses, ACH). Aðrar stöðustofnunarstöðvar, þ.m.t. erlendir miðlægir mótaðilar, hafa leyfi Peningamálastofnunar Singapúrs til að starfa sem viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar (RCH).

- 7) Peningamálastofnun Singapúrs gaf í janúar 2013 einnig út „Greinargerð um eftirlit með innviðum fjármálamarkaða“ („greinargerðin“) sem setur fram staðla, sem gilda um miðlæga mótaðila við framkvæmd meginreglnanna um innviði fjármálamarkaða (Principles for Financial Market Infrastructures, PFMI), sem greiðslu- og uppgjörsnefndin ⁽¹⁾ („CPSS“) og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði („IOSCO“) gáfu út í apríl 2012. Í greinargerðinni er m.a. útskýrt með hvaða hætti Peningamálastofnun Singapúrs væntir þess að samþykktar stöðustofnunarstöðvar uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga, en Peningamálastofnun Singapúrs tekur tillit til þess við mat á því hvort samþykktar stöðustofnunarstöðvar fara að lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga.
- 8) Til að fá starfsleyfi sem samþykkt stöðustofnunarstöðvar þurfa stöðustofnunarstöðvar að uppfylla sértækar kröfur sem settar eru fram í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga og reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga. Peningamálastofnun Singapúrs getur sett skilyrði eða takmarkanir á leyfin til samþykktra stöðustofnunarstöðva og getur hvenær sem er bætt við, breytt eða afturkallað skilyrðin eða takmarkanirnar sem settar eru á þau. Samþykktar stöðustofnunarstöðvar skulu reka stöðustofnunarstöðvar á öruggan og skilvirkan hátt og þær skulu stýra af varfærni áhættunni í tengslum við viðskipti þeirra og rekstur. Þær skulu einnig hafa fullnægjandi fjármagn, mannauð og kerfi.
- 9) Samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga skulu samþykktar stöðustofnunarstöðvar enn fremur innleiða, á einingargrunni, innri reglur og málsmeðferðarreglur sem tryggja eðlilegan og skilvirkan rekstur stöðustofnunarstöðvarinnar og tilhlýðilega reglusetningu og eftirlit með aðilum hennar. Innri reglur og málsmeðferðarreglur stöðustofnunarstöðva skulu innihalda sértæk málefni sem Peningamálastofnun Singapúrs mælir fyrir um, þ.m.t. kröfur í tengslum við áhættuna sem felst í rekstri stöðustofnunarstöðva, meðhöndlun vanskila og viðmiðanirnar og skilyrðin sem aðilar hennar skulu uppfylla. Í þessu sambandi er greinargerðinni hrundið í framkvæmd í innri reglum og málsmeðferðarreglum samþykktra stöðustofnunarstöðva. Innri reglur og málsmeðferðarreglur samþykktra stöðustofnunarstöðva, sem og allar breytingarnar á þeim, skulu lagðar fram til Peningamálastofnunar Singapúrs áður en þeim er hrundið í framkvæmd. Peningamálastofnun Singapúrs getur fellt úr gildi, breytt eða bætt við innri reglur og málsmeðferðarreglur eða hvaða hluta tillögu að breytingum sem er. Samkvæmt reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga er enn fremur sérstaklega krafist fyrirframsamþykkis Peningamálastofnunar Singapúrs vegna breytinga á áhættustýringar- ramma samþykktra stöðustofnunarstöðva, þ.m.t. tegundir samþykktra trygginga, aðferðir við mat á tryggingum og ákvörðun á tryggingarfé til að stýra áhættu samþykktra stöðustofnunarstöðva gagnvart þátttakendum, sem og umfang fjármagns sem er tiltækt til að standa straum af vanskilum aðila þeirra (að undanskildu tryggingarfé sem geymt er hjá samþykktu stöðustofnunarstöðinni). Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga kveða á um viðurlög ef innri reglum og málsmeðferðarreglum samþykktra stöðustofnunarstöðva er breytt með þeim hætti að þær uppfylli ekki lengur kröfurnar sem Peningamálastofnun Singapúrs setur fram. Samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga eru innri reglur og málsmeðferðarreglur samþykktra stöðustofnunarstöðva því bindandi fyrir samþykktar stöðustofnunarstöðvar.
- 10) Lagalega bindandi kröfur í Singapúr eru því tvískiptar. Í meginkröfunum vegna samþykktra stöðustofnunarstöðva, sem mælt er fyrir um í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga og reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga („meginreglurnar“), eru settir fram strangir staðlar sem samþykktar stöðustofnunarstöðvar skulu uppfylla til að fá leyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Singapúr. Þessar meginreglur eru fyrri þrep lagalega bindandi krafna í Singapúr. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum skulu samþykktar stöðustofnunarstöðvar leggja fram innri reglur og málsmeðferðarreglur sínar til Peningamálastofnunar Singapúrs áður en þeim er hrundið í framkvæmd og Peningamálastofnunar Singapúrs getur fellt þær úr gildi, breytt þeim eða bætt við þær. Þessar innri reglur og málsmeðferðarreglur eru seinna þrep lagalega bindandi krafna í Singapúr, sem skulu veita ítarlega forskrift að því er varðar með hvaða hætti samþykkt stöðustofnunarstöð, sem er umsækjandi, uppfyllir þessa ströngu staðla í samræmi við greinargerðina. Þar að auki innihalda innri reglur og málsmeðferðarreglur samþykktra stöðustofnunarstöðva viðbótarákvæði sem styðja við meginreglurnar.
- 11) Matið á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um samþykktar stöðustofnunarstöðvar, ætti einnig að taka mið af niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur sem hafa staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir vegna þátttöku þeirra í samþykktu stöðustofnunarstöð. Niðurstaða áhættumildunar er bæði ákvörðuð af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfsemiinni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðarins sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram sömu niðurstöðu áhættumildunar er þörf á strangari kröfum um áhættumildun fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

⁽¹⁾ Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (Committee on Payment and Market Infrastructures, CPMI).

- 12) Stærð fjármálamarkaðanna þar sem samþykktir stöðustofnunaraðilar stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægur mótaðili með staðfestu í Sambandinu stundar starfsemi sína. Á síðastliðnum þremur árum hefur heildarvirði færslna sem stöðustofnaðar eru í Singapúr verið minna en 1% af heildarvirði færslna sem stöðustofnaðar eru í aðildarríkjum Sambandsins sem eru í G10-hópnum. Af þessum sökum hefur þátttaka í samþykktum stöðustofnunarstöðvum í för með sér verulega minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvang með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.
- 13) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um samþykktar stöðustofnunarstöðvar gæti því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um samþykktar stöðustofnunarstöðvar, sem studdar eru af innri reglum og málsmeðferðarreglum þeirra sem hrinda í framkvæmd meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda minni áhættu sem er fyrir hendi í Singapúr og ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar og þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 14) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr tryggi að samþykktar stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 15) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grunni.
- 16) Peningamálastofnun Singapúrs getur gefið út leiðbeiningar, hvort sem er almenns eða sérstaks eðlis, til að tryggja öruggan og skilvirkan rekstur samþykktra stöðustofnunarstöðva, einkum til að tryggja að farið sé að skyldum eða kröfum samkvæmt lögnum um verðbréf og framtíðarsamninga eða að kröfunum sem mælt er fyrir um af Peningamálastofnun Singapúrs, sem skal fella inn í innri reglum og málsmeðferðarreglum samþykktra stöðustofnunarstöðva. Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga kveða á um viðurlög ef hlutadeigandi samþykkt stöðustofnunarstöð fer ekki að leiðbeiningunum sem Peningamálastofnun Singapúrs gefur út. Að því er varðar framfylgd á innri reglum og málsmeðferðarreglum samþykktra stöðustofnunarstöðva getur Peningamálastofnun Singapúrs óskað eftir því við hæstarétt að hann gefi út fyrirmæli til samþykktar stöðustofnunarstöðvar að hún fari að, virði, framfylgi eða komi í framkvæmd innri reglum sínum og málsmeðferðarreglum. Loks getur Peningamálastofnun Singapúrs afturkallað starfsleyfi samþykktra stöðustofnunarstöðva, meðal annars ef þær fara ekki að þeim kröfum sem hún mælir fyrir um, skilyrðum eða takmörkunum sem lagðar eru á leyfið, leiðbeiningum sem Peningamálastofnun Singapúrs gefur út samkvæmt lögnum um verðbréf og framtíðarsamninga eða einhverju ákvæða laganna um verðbréf og framtíðarsamninga.
- 17) Þar að auki er þess krafist samkvæmt reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga að samþykktar stöðustofnunarstöðvar leggi fram til Peningamálastofnunar Singapúrs árlega skýrslu um með hvaða hætti þær hafa rækt skyldur sínar samkvæmt lögnum um verðbréf og framtíðarsamninga á fjárhagsárinu. Þær verða einnig að leggja fram til Peningamálastofnunar Singapúrs skýrslu endurskoðenda um samþykktu stöðustofnunarstöðina, í fullri lengd, sem verður að innihalda niðurstöður og tilmæli endurskoðendanna, ef um þær er að ræða, um innra eftirlit samþykktu stöðustofnunarstöðvarinnar og upplýsingar um það ef samþykktu stöðustofnunarstöðin fer ekki að einhverjum ákvæðum laganna um verðbréf og framtíðarsamninga og fyrirmælum sem Peningamálastofnun Singapúrs gefur út samkvæmt lögnum um verðbréf og framtíðarsamninga.
- 18) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.
- 19) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr innihalda skilvirkt jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).
- 20) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um starfsleyfi sem viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar, sem gerir þeim kleift að veita sömu þjónustu í Singapúr og þeir hafa leyfi til að veita í þriðja landinu.
- 21) Áður en Peningamálastofnun Singapúrs veitir starfsleyfi fyrir viðurkennda stöðustofnunarstöð skal stofnunin meta hvort reglukerfi í þriðja landi, þar sem miðlægi mótaðilinn hefur starfsleyfi, sé sambærilegt fyrirkomulagi laga og eftirlits sem beitt er á miðlæga mótaðila sem hafa staðfestu í Singapúr, þ.m.t. hvort meginreglunum um innviði fjármálamarkaða sé beitt. Gerð samstarfssamninga milli Peningamálastofnunar Singapúrs og viðkomandi erlends eftirlitsyfirvalds er einnig krafist við veitingu starfsleyfis fyrir viðurkennda stöðustofnunarstöð.
- 22) Enda þótt ljóst sé að fyrirkomulag viðurkenningarferlisins í lagareglum Singapúrs, sem gildir um miðlæga mótaðila þriðja lands, sé frábrugðið málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti það þó að teljast kveða á um skilvirkt jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila þriðja lands.

- 23) Skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í Singapúr að því er varðar samþykktar stöðustofnunarstöðvar, og þetta fyrirkomulag laga og eftirlits ætti að teljast vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti, samkvæmt upplýsingum frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, að halda áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Singapúrs vegna miðlægra mótaðila og athuga hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr, sem samanstendur af 289. kafla laganna um verðbréf og framtíðarsamninga (Securities and Futures Act) og reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga (stöðustofnunarstöðvar) frá 2013 (Securities and Futures (Clearing Facilities) Regulations 2013), ásamt „Greinargerð um eftirlit með innviðum fjármálamarkaða“ og gilda um samþykktar stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
José Manuel BARROSO
forseti.